




Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2022

UPPE3MU05-1

Kennari	Lovísa H. Larsen netfang: lovisa@fss.is	
Viðtalstími	Mánudagurkl. 13:15 – 13:55	
Námsefni	Efni frá kennara Aðalnámsskrá leikskóla Aðalnámsskrá grunnskóla; almennur hluti Aðalnámsskrá framhaldsskóla; almennur hluti	
Áfangalýsing	Í áfanganum verður lögð áhersla á að nemendur kynnist ólíkum uppeldisþáttum foreldrahlutverksins. Skoðaðar verða áherslur sem beina sjónum að sjálfsgætu og sjálfstrausti barna og hvaða aðferðir séu bestar til að kenna börnum sjálfsgætu samhliða því að hefðbundnar aðferðir í foreldrabjálfun eins og hegðunarsamningar, refsingar og slokknun. Hvernig höldum við aga án þess að skaða börn? Hvað er jákvæður agi? Þetta eru spurningar sem til dæmis verður leitast við að svara í áfanganum. Er orðræða í takt við samfélagið, hvernig birtist hún í sjónvarpsefni fyrir börn og unglinga? Skoðað verður gamalt og nýtt efni og það borið saman. Skoðaðar verða ólíkar fjölskyldusamsetningar og farið yfir hversu nauðsynlegt það er í samstarfi við börn að gera ekki ráð fyrir að forráðamenn séu karl og kona eða séu yfir höfuð tveir. Þá verður sjónum beint að skipulögðu uppeldi/menntun á Íslandi út frá námsskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Jafnframt er markmiðið að nemendur skoði uppeldi í íslensku samfélagi og þjálfist í að skipuleggja uppeldi/menntun. Kennslufyrirkomulag verður í formi fyrirlestra, kynninga, verkefnavinnu, heimsóknna og umræðutíma.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að ná afanga þarf 4.5 í vetrareinkunn. Skila þarf öllum verkefnum.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti		Vægi
	Vinnubók		30%
	Kaflapróf		30%
	Kynning (lokaverkefni)		25%
	Kvikmyndaverkefni		10%

Heimsókn	5%
----------	----

Reglur áfanga	Tölvur eða snjalltæki eru nauðsynleg til að vinna verkefni í áfanganum. Nauðsynlegt er að koma með eigin tæki eða fá lánað á bókasafninu.
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Allar greinar og lesefni fyrir áfangan verða sett á innu. Stoðdagur er á miðri önn og í lok annar.
--	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - Ólíkum fjölskyldugerðum - Algengum uppeldisaðferðum - Jákvæðum aga - Helstu aðferðum sem notaðar eru í mótun sjálfsaga barna. Helstu uppeldisaðferðum sem kenndar eru við foreldraþjálfun	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Beita jákvæðum aga - Að geta túlkað og sýnt skilninga á hvernig uppeldi og skipulagt skólastarf fer saman - Nota rétta orðræðu í ræðu og ritu um fjölskyldur
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - Vita að óæskileg hegðun hefur einhvern orsakavald - Nýta sér aðferðir eins og hundsun á neikvæðri hegðun, gera hlé, taka barn úr aðstæðum. - Ræða málin í staðinn fyrir að vera alltaf með skipanir - Vega og meta hvenær nemendur eiga að leita sér ráðlegginga hvort þeim beri að tilkynna málefni til barnaverndar og hvar þeir geti fengið slíkar ráðleggingar	

Vinnuáætlun - Dæmi með símati		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Undirbúningur f. tíma	15 vikur x 4 tímar x 20 mín	20 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Lokaverkefni	15 klst.	15 klst.
Alls		107 klst. = 5 feín*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 6. – 14. janúar	Kynning á áfanga Horft á krakkaskaupið	Verkefni um barnaefni Vinnubók 3%
2. vika 17. – 21. janúar	Hlutverk barnaverndar Lesin blaðagrein	Verkefni upp úr blaðagrein Vinnubók 3%
3. vika 24. – 28. janúar <i>Forvarnavika gegn einelti</i>	Horft á fyrirlestur í tengslum við forvarnaviku Aðalnámskra grunnskóla, lýðheilsa	Verkefni um kynfræðslu Vinnubók 3%
4. vika 31. jan. – 4. febrúar	Aðalnámskra grunnskóla Verknám	Nemendur gera verklegt verkefni. Vinnubók 3%
5. vika 7. – 11. febrúar	Aðalnámskrá grunnskóla Íþróttir og sund, íþróttifræðingur kemur í heimsókn.	Nemendur undirbúa spurningar fyrir heimsókn og skila þeim á innu, 3% Nemendur fara í leiki tengda íþróttum.
6. vika 14. – 18. febrúar	Kaflapróf 1, aðalnámskrá grunnskóla Allskonar fjölskyldur	Kaflapróf eitt, 10% Verkefni í vinnubók um fjölbreytt fjölskylduform.
7. vika 21. – 25. febrúar	Fyrirlestur um fjölbreytt fjölskylduform. Fyrirlesari frá samtökunum 78. Stoðdagur	Nemendur undirbúa spurningar fyrir heimsókn og skila þeim á innu 5%
8. vika 28. feb. – 4. mars	Kvikmyndavika	Kvikmyndaverkefni, 10%
9. vika 7. – 11. mars	Aðalnámskrá framhaldsskóla Orðræðugreining, skoðað efni sem er ætlað unglíngum á ljósvakamiðlum. Nemendur hlusta og horfa á 15-10 ára klippur af efni ætluðu unglíngum og greina hvort það eigi við í dag. Er kvennfyrirlitning, fitufordómar, dulin rasismi o.s.frv?	Orðræðugreining, 3% Vinnubók
10. vika 14. – 18. mars	Aðalnámskrá leikskóla Leikið íslenskt barnaefni skoðað og hvernig það hefur breyst, skoðum þetta út frá fjölbreyttu fjölskyldumynstri. Endurspeglar barnaefni tíðarandann?	Verkefni um barnaefni í vinnubók, 3%
11. vika 21. – 25. mars	Heimapróf (kaflapróf 2) aðalnámskrá leik- og framhaldsskóla. Undirbúningur fyrir lokaverkefni	Lokaverkefni kynnt og skipt í hópa (ef það er hægt útaf covid). Kaflapróf, 10%
12. vika 28. – 31. mars	Agastjórnun Jákvæð uppbygging	Verkefni um jákvæða uppbyggingu barna. Vinnubók, 3%
13. vika 4. – 8. apríl <i>Starfshlaup 8. apríl Páskafrí 9. – 18. apríl</i>	Agastjórnun Atferlisfræði Hegðunarsamningar	Verkefni um hegðunasamning. Vinnubók, 3%
14. vika 19. – 22. apríl	Kaflapróf 3, upp úr fræðigreinum um, hegðun, jákvæða uppbyggingu og atferlisfræði. Undirbúningur fyrir lokaverkefni	Kaflapróf 3, 10%
15. vika 25. – 29. apríl	Nemendakynningar (lokaverkefni)	Lokaverkefni, 25%
16. vika 2. – 6. maí	Nemendakynningar (lokaverkefni) Stoðdagur	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Lovísa H. Larsen

Fjölbrautaskóli Suðurnesja